

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 7. október 2019
Erindi 201909055/2.9 pjl

Efni: Reglur um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga

Á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar 3. október 2019 var samþykkt að senda inn umsögn í framhaldi af tilkynningu á samráðsgátt stjórnarráðsins þar sem óskað er eftir umsögnum um tillögu að nýjum reglum um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Mosfellsbær leggur áherslu á að ríkissjóður veiti sérstök fjárframlög til Jöfnunarsjóðs til að fjármagna að fullu þau útgjöld sem sjóðurinn verður fyrir vegna reglugerðarinnar, enda er ótækt að útgjöldin verði fjármögnuð á kostnað þeirra sveitarfélaga sem njóta útgjaldajöfnunarframlaga.

Virðingarfyllst,

 **FJÁRMÁLASTJÓRI
MOSFELLSBÆJAR**

Pétur Jens Lockton
fjármálastjóri

